

Byggðastofnun
Hjalti E. Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs
Sauðármýri 2
550 Sauðárkróki

Reykjavík, 13. maí 2026

Efni: Óskir Íslandspósts um fjárframlag vegna erlendra bréfa og gjaldskráreftirlit Byggðastofnunar

Félag atvinnurekenda (FA) þakkar svar Byggðastofnunar við erindi FA frá því 15. apríl sl., sem barst félaginu 29. apríl. Þar kom fram að ný beiðni Íslandspósts um fjárframlög vegna taps á erlendum sendingum væri nú til meðferðar hjá stofnuninni. Erindi Íslandspósts fæli í sér beiðni um breytingar á útnefningu Íslandspósts sem alþjónustuveitanda vegna breyttra forsendna.

Í bréfi stofnunarinnar segir m.a.: „Með 4. gr. laga nr. 23/2019 var sett inn heimild í þágildandi lög um póstpjónustu, nr. 19/2002, þar sem Íslandspósti var veitt heimild til að leggja á sendingargjald á viðtakanda erlendarra póstsendingar *sem hefur að geyma einhver verðmæti sem skylt er að leggja á aðflutningsgjöld.*“ (Leturbreyting undirritaðs)

FA veit ekki hvaðan þessi útlekking á lagaheimildinni kemur, því að ekki á hún sér stoð í lagatextanum. Í erindi FA var farið nokkuð ýtarlega yfir ákvæði gildandi póstlaga, nr. 98/2019, um erlendarra póstsendingar, svo og lagabreytinguna 2019. Þar er ekki stafkrókur um að heimildin nái eingöngu til sendinga sem geyma einhver verðmæti, sem skylt sé að leggja á aðflutningsgjöld. Heimildin tekur þvert á móti til allra erlendra póstsendinga. Í erindi FA var rifjað upp að Alþingi breytti orðalagi í frumvarpinu, sem varð að núgildandi póstlögum, þannig að skýrt er að ákvæði 3. mgr. 17. gr. laganna tekur til allra erlendra sendinga, en ekki einvörðungu pakkasendinga. Í framkvæmd Íslandspósts hefur gjald hins vegar eingöngu verið lagt á viðtakendur póstsendinga, sem innihalda einhverjar vörur.

Í bréfi Byggðastofnunar kemur einnig fram að kannaður hafi verið fýsileiki þess að leggja sendingargjald á óskráðar erlendar sendingar, en niðurstaðan orðið sú að „slíkt kerfi myndi hafa aukinn kostnað í för með sér sem slíkt gjald myndi ekki ná að dekkja.“ Í þessu felst sú mótsögn, að löggin (3. mgr. 17. gr.) kveða á um að gjaldskrá vegna erlendra póstsendinga skuli endurspegla raunkostnað, að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldinu ber því, samkvæmt lögnum, að dekkja kostnaðinn og Byggðastofnun ber að hafa eftirlit með því að svo sé, sbr. fyrra erindi FA.

FA telur ástæðu til að ítreka að póstlögin eru skýr og fortakslaus um það atriði að útnefndur alþjónustuveitandi getur *ekki farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt endurgjald fyrir þjónustu vegna erlendra póstsendinga*, sbr. 7. mgr. 12. gr. gildandi laga um póstpjónustu. (Leturbreyting undirritaðs).

Félagið lýsir jafnframt áhyggjum af því ef eftirlitsstofnunin á póstmarkaði hyggst enn og aftur, í samkrulli við Íslandspóst, leggja upp í þá vegferð að túlka póstlögin þannig að einhver ákvæði þeirra séu aðeins að hluta virk eða ekki framkvæmanleg. Slíku var ranglega haldið fram árið 2021 af Póst- og fjarskiptastofnun varðandi þágildandi ákvæði 2. mgr. 17. gr. póstlaganna um sömu gjaldskrá vegna pakkasendinga um allt land, en stofnunin sagði þá ákvæði 3. mgr. 17. gr. „ekki að öllu leyti virkt“ – án

nokkurs skynsamlegs rökstuðnings. Undir þessa túlkun tók Byggðastofnun þegar hún tók við eftirliti með póstmárkaðnum. Síðar hélt Byggðastofnun því fram í ákvörðun sinni nr. Á-12/2024 að „ekki sé mögulegt að öllu leyti“ að bregðast við tekjufalli Íslandspóst vegna bréfa með því að færa verð þjónustunnar að skýrum ákvæðum póstlaganna um að verðskrár skuli endurspegla raunkostnað, að viðbættum hæfilegum hagnaði. Aftur er þar um að ræða útleggingu, sem á sér enga stoð í lögnum sjálfum.

FA telur nóg komið af þessum lagatúlkunaræfingum eftirlitsstofnunarinnar. Henni ber einfaldlega að fara að póstlögunum eins og Alþingi samþykkti þau. Ef hún telur að lagfæra þurfi einhver ákvæði laganna þarf hún að taka það upp við innviðaráðherra, sem getur þá haft frumkvæði að breytingum á lögnum og lagt fram frumvarp á Alþingi. Það brýtur hins vegar gróflega gegn þrískiptingu ríkisvaldsins að Byggðastofnun, sem er stofnun á vegum framkvæmdavaldsins, taki að sér að útleggja hvað löggjafinn, Alþingi, hafi meint með því sem það samþykkti eða ef hún telur að ekki sé fært að fara að lögnum eins og þau hafa verið samþykkt.

FA ítrekar það sem fram kom í fyrra erindi félagsins, að það getur ekki staðizt að þær upplýsingar þoli ekki dagsins ljós, hvert er magn eða uppruni þeirra erlendu póstsendinga, sem Íslandspóstur segist tapa gríðarlegum fjárhæðum á. Að mati félagsins er nauðsynlegt að í opinberri umfjöllun Byggðastofnunar um erindi Íslandspóst komi þær upplýsingar fram, þannig að unnt sé að rýna trúverðugleika þeirra.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Afrit:
Innviðaráðuneytið
Pétur Halldórsson stjórnarformaður Íslandspóst
Eftirlitsstofnun EFTA